



Alþingi
Erindi nr. P/137/598
komudagur 10.7.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. júlí 2009

0907006SA GB
Málalykill: 112

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 125. mál

Að beiðni allsherjarnefndar Alþingis veitir Samband íslenskra sveitarfélaga umsögn um ofangreint frumvarp en tilgangur þess er að setja almenn lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Rétt er að taka fram að sambandið átti aðkomu að gerð frumvarpsins og var tekið töluvert tillit til sjónarmiða sveitarfélaganna, sem einkum vörðuðu framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og kostnaðaruppgjör til sveitarfélaga vegna þeirra.

Sambandið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Þó skal bent á að við gerð frumvarpsins komu fram skiptar skoðanir um framkvæmd talningar atkvæða, þ.e. hvort rétt væri að birta atkvæðatölur úr kjördæmum eða mögulega telja öll atkvæði á einum stað og birta eingöngu heildarniðurstöðu atkvæða. Ekki var því einhugur um þá leið sem lögð er til í 9. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir því að talning atkvæða verði eins og í alþingiskosningum.

Einnig telur sambandið rétt að benda á að í tengslum við gerð frumvarpa um þjóðaratkvæðagreiðslur, stjórnlagabing og persónukjör kom fram það sjónarmið að lagaákvæði um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar þarfnist verulegrar endurskoðunar. Hvetur sambandið til þess að sú endurskoðun hefjist nú þegar og verði þá meðal annars tekin afstaða til þess hversu löngu fyrir kjördag atkvæðagreiðsla geti hafist. Einnig telur sambandið eðlilegt að skoða hvort þeir kjósendur sem greiða atkvæði utan kjörfundar geti ekki fengið í hendur kjörseðil með sama útliti og kjörseðill á kjörfundi, í stað þeirra kjörgagna sem nú er stuðst við hjá sýslumönnum. Segja má að slík lagabreyting sé forsenda þess að persónukjör geti náð fram að ganga á viðunandi hátt.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri